

81. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Eyjólfur Guðmundsson, Helga Árnadóttir, Þorvarður Árnason og Eyrún Helga Ævarsdóttir.

1. Ósk um framlag til Vísinda- og rannsóknasjóðs Suðurlands

Hugrún rifjaði upp erindið en afgreiðsla þess var frestað á fyrri fundi. Umræður sköpuðust um beiðni um framlag Þekkingarsetursins til Vísinda og rannsóknasjóðs Suðurlands og almennt um möguleika þN til styrkveitinga. Stjórn vísar málinu til umræðu á vinnufundi stjórnar sem haldinn verður 9. mars.

2. Nafn Þekkingarsetursins Nýheima

Hugrún Harpa kynnti hugmyndir um breytingu á nafni Þekkingarsetursins Nýheima. Stjórn var sammála um að breyta nafni setursins í „Nýheimar Þekkingarsetur“ og felur forstöðumanni að vinna að málinu.

3. Podio – sameiginlegt starfsumhverfi stjórnar

Hrafnkell kynnti stuttlega hvers konar kerfi er um að ræða. Umræður sköpuðust um möguleika slíkra starfsumhverfa fyrir starf stjórnar. Var stjórn sammála um að skoða þá möguleika sem eru í boði og þá helst opin kerfi.

4. Umsóknir um starf verkefnastjóra

Kristín gerði grein fyrir starfsviðtali vegna ráðningar í starf verkefnastjóra. Forstöðumanni falið að hafa samband við umsækjanda og bjóða viðkomandi starfið.

5. Ósk Vöruhússins um aðild að Þekkingarsetrinu Nýheimum

Ragnhildur kynnti erindi sem borist hefur frá Vöruhúsinu um aðild að Þekkingarsetrinu Nýheimum. Stjórn fagnar erindinu og samþykkir aðild Vöruhússins.

6. Drög að ársreikningi

Hugrún greindi frá því að drög að ársreikningi eru ekki tilbúin en berast væntanlega síðar í dag. Hugrún mun senda hann á stjórn þegar hann berst.

7. Ársfundur og hlutverk í stjórn

Rætt var um hlutverk í stjórn setursins.

8. Vinnufundur stjórnar Nýheima

Stjórn var sammála um að stefnt skuli að því að hafa vinnufundi á hefðbundnum vinnutíma.

9. Önnur mál

Þorvarður vakti máls á stólum í fundarherbergi.

Kristín og Helga sögðu frá því að fjölþjóðlegt verkefni sem Vatnajökulsþjóðgarður og Náttúrustofa Suðausturlands eru aðilar að hefur hlotið styrk frá NPA.

Fundi slitið klukkan 9:38

Ragnhildur Jónsd.

Hugrún Harpa Reynisd.